

## ÚRSKURÐUR

Aganefnd KLÍ fundaði fimmtudaginn 11. maí 2017 vegna dómaraskýrslu dags. 29. apríl 2017, þar sem tilkynnt var að lið ÍR-A hefði ekki verið í samstæðum búningum í 22. umferð deildarkeppni karla sem fram fór sama dag. Samkvæmt dómaraskýrslu var einn leikmanna liðsins í öðruvísi treyju en aðrir leikmenn liðsins auk þess að vera klæddur í gallabuxur.

Í 18. gr. reglugerðar KLÍ um keilumót segir:

### ***Búningar.***

*Allir leikmenn liðs skulu vera í eins keppnistreyjum af sama lit og sömu gerð. Dómari skal veita hverjum þeim leikmanni áminningu sem ekki fylgir þessu ákvæði.“*

Í 7. gr. reglugerðar KLÍ um aganefnd KLÍ segir:

*„Ef leikmenn liðs leika ekki allir í eins búningum, eins og kveðið er á um í reglugerð um keilumót, er aganefnd heimilt að dæma félagið í allt að 5.000 kr. sekt.“*

Þar sem að um annað brot ÍR-A er að ræða telur aganefnd sekt hæfilega ákveðna kr. 5.000.

Úrskurðarorð

ÍR greiði KLÍ sekt að fjárhæð kr. 5.000 kr.

Gunnar Þór Ásgeirsson, formaður aganefndar

Hörður Ingi Jóhannsson

Böðvar Már Böðvarsson